

Umhverfisstofnun
b.t. Sigríður Kristjánsdóttir sviðsstjóri
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 19.10.2015

VARÐAR: ÁÆTLUN UM LYKTARVARNIR Í ÁLFSNESI SKV. GREIN 3.2 Í STARFSLEYFI SORPU bs. FYRIR URÐUNARSTAÐINN Í ÁLFSNESI.

Meðfylgjandi er yfirlit og tímasett áætlun um lyktarvarnir á urðunarstað SORPU bs. í Álfsnesi. Áætlun þessi er gerð í samræmi við grein. 3.2 í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi.

SORPA hefur áður afhent í sama tilgangi, samkomulag eigenda um gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi, sem er tímasett áætlun um aðgerðir í lyktarmálum. Einnig sendi SORPA bs. Umhverfisstofnun tilkynningu, í samræmi við grein 1.2.III í starfsleyfi, um tilraunaverkefni SORPU og Lífdísel ehf. en verkefninu er einnig ætlað að vinna á lyktarvandamálum í Álfsnesi.

Virðinarfyllst,
f.h. SORPU bs.


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Aðgerðir til að draga úr lyktarmengun. Staða og tímasettar áætlanir.

19.10.2015

Urðunarstaðurinn á Álfsnesi

Aðgerðir til að draga úr lyktarmengun. Staða og tímasettar áætlanir.

Við er í grein 3.2 í starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn:

Rekstraraðili skal útbúa tímasetta áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun og skal hún m.a. fjalla um hvenær og hvernig verði dregið úr urðun á lyktsterkum úrgangi.

Gerð áætlunarinnar hefur tafist þar sem undirbúningur sumra verkefna á þessu sviði hefur verið flókin og er hér með beðið afsökunar á því. Staða aðgerða til að draga úr lyktarmengun er nú eftirfarandi:

1. Lyktsterkur úrgangur

1.1 Aðgerðir sem er lokið.

- Það hefur verið skerpt á kröfu í móttökuskilyrðum urðunarstaðarins um það hvenær á að taka við lyktsterkum úrgangi (fyrir hádegi) og hefur álagsgjald verið hækkað verulega.
- Aðeins er tekið á móti þvegnum ristarúrgangi til losunar í Gými 2. Losun á seyru og óþvegnum ristarúrgangi er bönnuð samkvæmt eigendasamkomulagi.
- Frágangi á Gými 2 er nú lokið. Búið er að setja upp lokað móttökurými til losunar lyktsterkra farma og losunarbúnaður hefur verið endurbættur til að auka þrifnað við losun. Lyktheyðandi efni er blandað í skolvatn fyrir losunarbúnað. Útsog frá móttökurými fer með afsogi frá Gými í hreinsiferli, það er þvottaturn með klóríblöndun og síðan bíófilter. Hreinsikerfið er hannað af Mannvit og er talið virka vel þótt ekki sé komin reynsla á rekstur þess yfir vetrarmánuðina.
- Aðstaða til þvotta og sótthreinsunar á óhreinindum af flutningatækjum er komin í móttökurýmið þannig að flutningatæki eiga ekki að fara með utanálggjandi óhreinindi út úr móttökunni.
- Þvottaturn og lífsía fyrir útsog úr Gými 2 (og móttökurými) eru orðin vel virk. Vatni/sjó með lyktheyðandi efni er úðað reglulega inn í lokaða rýmið og aðstaðan þriffin eftir hvern farm.

1.2 Aðgerðir sem er ólokið.

- Komið verður upp búnaði til úðunar á lyktheyðandi efni út í andrúmsloftið við Gými 2 við óhagstæðar aðstæður t.d. á sumardögum þegar mest hætta er á lyktarmengun. Gert er ráð fyrir að sjálfvirk stjórnerfi hannað af verkfræðistofunni Vista stýri úðuninni miðað við upplýsingar úr veðurstöð í Leirvogstungu.

Úðakerfi við Gými 2 verður prófað fyrir 1. maí 2016.

- Ljúka á við frágang á Gými 1, það er að taka reftunina af, fylla upp allt rýmið sem myndast og þekja með mold eða öðru þekjuefni.

Frágangi við Gými 1 lýkur fyrir árslok 2015 (háð veðráttu).

hm

- Tilraun verður gerð til endurvinnslu á sláturúrgangi og fiskúrgangi sem nú fer í Gými 2 og er rúmlega 5.000 tonn á ári. Tilraunaverkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði Rannís og unnið í samstarfi við Lífdísil ehf og Háskóla Íslands. Verið er að setja upp aðstöðu í lokuðu rými í vestari enda Gýmis 2 þar sem þessi úrgangur verður hakkaður og soðinn undir þrýstingi með hreinsuðu gasi frá urðunarstaðnum. Fita verður skilin frá soðvatninu og notuð til framleiðslu á lífdísil. Soðna þurrefnið verður ásamt garðaúrgangi o.fl. notað til framleiðslu á moltu í lokuðu ferli (gámum). Síðar verður bætt við meðhöndlun á lýsishrati og hugsanlega fleiri þáttum. Allt loft frá rýmum, þar sem lykt getur myndast, verður leitt í frásogskerfi Gýmis, sbr. bréf SORPU til UST þann 15.09.2015.

Samhliða verður meðhöndlun á stoðefnum (aðallega garðaúrgangi) þannig að minni lykt verður af niðurbroti hans, því stór hluti stoðefnanna fer í lokað ferli í stað yfirlags á urðunarstaðnum.

Tilraunin er gerð í samræmi við ofangreinda kröfu Umhverfisstofnunar í starfsleyfinu um frekari ráðstafanir gegn lyktarmengun og eigendasamkomulag SORPU bs. sem lá fyrir við gerð starfsleyfisins og var tilefni þessarar kröfu.

Gert er ráð fyrir að tilraunir með þrýstisúðu á lyktsterkum sláturúrgangi ásamt framleiðslu á lífdísil og moltu hefjist í nóvember 2015.

2. Urðun

2.1 Aðgerðir sem er lokið.

- Staðfest er að allur baggaður úrgangur, sem kemur til urðunar, er úðaður með lyktheyðandi efni fyrir böggun. Vísað er í innri úttekt SORPU nr. 2015-10-007.
- Minnkun á opnum flötum á baggastæðum var ekki í samræmi við grein 4.3 í starfsleyfi vorið 2015. Það mun ekki koma fyrir aftur og verður skráning endurbætt hvað það atriði varðar. Starfsmaður SORPU mun setja í dagbók urðunarstaðar mynd af frágangi í lok hverrar vinnuviku frá og með 1.nóvember 2015.
- Úðun á opnum baggastæðum hefur verið aukin. Ný lyktheyðandi efni hafa verið prófuð en erfitt er að meta árangur.

2.2 Aðgerðir sem er ólokið.

- Verið er að vinna að útboði á gas- og jarðgerðargerðarstöð, í samræmi við áður nefnt eigendasamkomulag, en stöðin mun vinna metangas úr öllum úrgangi frá heimilum sem inniheldur um 70% af lífrænum úrgangi og berst til urðunarstaðarins sem baggar frá móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi.

Gert er ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð taki til starfa árið 2017.

3. Metansöfnun/gashreinsistöð

3.1 Aðgerðir sem er lokið.



- Búið er að bæta þéttingu á yfirborði við söfnunarholur fyrir metangas til að draga sem mest úr innstreymi andrúmslofts í hauginn við söfnunina og til að draga úr útstreymi á hauggasi ef ekki er undirþrýstingur á svæðinu. Sterkar vísbendingar eru um að lítið hauggas sleppi út um yfirborðspekju þar sem innstreymi andrúmslofts er nokkuð við háan andrúmsloftsþrýsting og söfnunarkerfið er rekið með undirþrýstingi. Gæði yfirborðslags eru metin mánaðarlega í tengslum við söfnun hauggass.
- Svonefnd „brennisteinsvetnissía“ er á stofnlögn safnæðar fyrir hauggas, svo virðist sem hún helmingi það magn H₂S sem fer inn í hreinsistöðina. Miðað er við að skipta út járnspóni síunnar fyrir 1.maí 2016.
- Allt þvottavatn frá gashreinsistöð er nú leitt frá stöðinni að Gými 2 eða í sigvatnssöfnunarkerfi urðunarstaðarins.
- Afloft frá gashreinsistöðinni fer í bíófilter.

3.2 Aðgerðir sem er ólokið.

- Bíófilter fyrir afloft frá gashreinsistöð verður endurbættur með vatnsúðakerfi til að tryggja virkni hans.

Vatnsúðakerfi og rakamælingar í bíófilter fyrir afloft frá gashreinsistöð verður sett upp fyrir 1. maí 2016.

4. Aðrar aðgerðir

Fyrirtækið Resource International hefur verið fengið til aðstoðar til að þróa og auka gæði aðgerða við að draga úr lyktarmengun frá urðunarstaðnum. Skýrsla þeirra er í lokadrögum.

Miðað er við að skýrsla Resource International verði lögð fram í nóvember 2015.

5. Samantekt yfir ólokin verkefni

Nóvember 2015. Tilraun hefst með þrýstisuðu á sláturúrgangi og framleiðslu á lífdísil og moltu.

Nóvember 2015. Skýrsla frá Resource International liggur fyrir.

Desember 2015. Frágangi verður lokið við Gými 1.

Maí 2016. Úðakerfi við Gými 2 verður komið í prófun.

Maí 2016. Bíófilter fyrir afloft frá gashreinsistöð endurbættur með vatnsúðakerfi.

Desember 2017. Gert er ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð hafi tekið til starfa.

Virðingarfyllst,

Bjarni Hjarðar
Yfirverkfræðingur
SORPA bs.

